

Alþingi  
Erindi nr. Þ 127/410  
komudagur 7.12.2001



**Félag**  
**Hópferðaleyfishafa**  
Hesthálsi 10.  
110 Reykjavík.

Selfossi 07.12.2001

Efni: Umsögn um hjálagt frumvarp til fólksflutninga (282.mál).

Stjórn félagsins mótmælir harðlega fyrirhugaðri hækkun á rekstrarleyfum til fólksflutninga.

Við bendum á að þó svo árlegt gjald sé í dag 3.000 kr. greiða hópferðaleyfishafar einir 1.000 kr. árlega til Vegargerðarinnar á hverja bifreið sem færð er til skoðunnar.

Þarna koma inn miklar fjárhæðir og telja má líklegt að þær einar og sér standa straum af kostnaði sem hlýst af útgáfu leyfa og eftirliti með hópferðaleyfishöfum.

Eins og fyrr segir leggst þessi 1.000 kr. skattheimta árlega á hvern bíl og einungis hjá þessari stétt þ.e. hjá þeim sem eru í fólksflutningum.

Fyrirhugaðri hækkun er jafnframt ætlað að standa straum af kostnaði sem hlýst af námskeiðahaldi en rétt er að benda á að greitt er sérstaklega fyrir öll námskeið hvaða nafni sem þau nefnast og miðað við þær upphæðir ásamt lágmarksfjölda á hvert námskeið verður ekki betur séð en þau ættu að standa ágætlega undir sér.

Það er ljóst að eina leiðin til að við föllumst á umrædda hækkun er að 1.000 kr. gjaldið verði fellt niður við hverja skoðun, enda umhugsunarvert af hverju ein stétt þarf að greiða sér gjöld umfram aðrar.

Með vinsemd og virðingu.  
Fyrir hönd stjórnar félagsins,

---

Benedikt G. Guðmundsson.